Fiskifélag Íslands

Reykjavík, 24. febrúar 2009

Merki um ábyrgar veiðar Íslendinga tilbúið til notkunar

Nýtt merki sem tákn fyrir ábyrgar fiskveiðar Íslendinga var kynnt opinberlega á Íslensku sjávarútvegssýningunni þann 3. október 2008. Merkið höfðar til íslensks uppruna afurða og yfirlýsingar um ábyrgar fiskveiðar Íslendinga, Statement on Responsible Fisheries in Iceland (sjá www.fisheries.is).

Merkið er markaðstæki og hafa íslenskar útgerðir og framleiðendur sjávarfangs svo og aðrir þátttakendur í virðiskeðjunni heimild til að sækja um notkun þess. Merkið má nota á umbúðir afurða sem eru unnar úr afla íslensks sjávarfangs eða í auglýsingaskyni samkvæmt reglum sem um notkun þess gilda.

Til að fyrirbyggja misskilning, er rétt að taka fram að þetta merki byggir ekki á vottun, en unnið er áfram að undirbúningi vottunar og mun afbrigði af sama merki verða kynnt sem staðfesting vottunar þegar þar að kemur.

Merkið hefur verið skráð hjá Einkaleyfastofunni á Íslandi og í öllum helstu markaðslöndum okkar til að tryggja einkarétt okkar á merkinu

Til að fá heimild til að nota merkið þurfa væntanlegir notendur að gera eftirfarandi:

1. Sækja um heimild til að nota merkið. Sérstakt eyðublað er fyllt út í þessu skyni. Eyðublaðið fæst afhent með tölvupósti hjá Finni Garðarssyni, Fiskifélagi Íslands, tölvupóstfang: finnur@fiskifelag.is . Frekari upplýsingar fást í síma 591 0308 eða 896 2400. Eyðublaðið skal sendast útfyllt á ofangreint tölvupóstfang og einnig sent undirritað í pósti á:

Fiskifélag Íslands
b/t Finns Garðarssonar
Borgartún 35
105 Reykjavík

Eða með faxi, faxnúmer: 591 0301.

Greiða skal skráningargjald að upphæð kr 10.000 og leggja inn á bankareikning Fiskifélags Íslands, kt. 550169-3129 hjá Landsbanka Íslands (NBI) nr. 0130 – 26 - 6510

2. Þegar umsókn hefur verið samþykkt, mun umsækjandi fá sendan í ábyrgðarpósti minnislykil með merkinu á ýmsum formum, reglur um notkun þess ásamt prenttækniupplýsingum.

3. Senda skal sýnishorn af umbúðum með merkinu (artwork) frá umbúðahönnuði áður en notkun hefst, helst rafrænt á tölvupóstfangið finnur@fiskifelag.is og fá samþykki til að tryggja rétta notkun merkisins.

Að öðru leyti vísast til reglna um notkun merkisins.

Haldin verður skrá um notendur merkisins.

Bestu kveðjur,

F.h. Fiskifélags Íslands
Finnur Garðarsson
Kristján Þórarinsson